

Leik- og grunnskóli í Norðlingaholti



Hugmyndir og tillögur vinnuhóps um áherslur í skólastarfi og hönnun byggingar

Vinnuhópur um skóla í Norðlingaholti

Leik- og grunnskóli í Norðlingaholti

Hugmyndir og tillögur um áherslur í skólastarfi og hönnun byggingar

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir
Verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu

© Menntasvið Reykjavíkurborgar

Ágúst 2006

Útdráttur

Í undirbúningi að stofnun nýs leik- og grunnskóla í Norðlingaholti í Reykjavík var ákveðið að kalla saman hóp fólks úr ýmsum áttum til að leggja fram hugmyndir sínar um starf skólanna.

Í undirbúningsvinnunni var fylgt ferlinu „Frá hinu almenna til hins sérstæða“ (Design Down Process). Hópnun var ætlað að koma með hugmyndir til að móta áherslur í skólastarfi leik- og grunnskóla í Norðlingaholti sem lið í undirbúningi að byggingu skóla. Hér á eftir fer útdráttur úr niðurstöðum hópinnunnar.

Hópurinn lagði ríka áherslu á sveigjanleika í skólahúsinu og opið og örvandi umhverfi. Jafnframt kom fram skýr áhersla um sterk tengsl við grenndarsamfélagið og umlykjandi náttúru. Hópurinn leit á stofnun leik- og grunnskóla í Norðlingaholti sem tækifæri til að skapa eitthvað nýtt. Við hönnun skólanna þykir mikilvægt að hafa í huga þá fjölmörgu aðila sem skólinn þjónar.

Námsvæntingar - Hvað eiga nemendur hafa tileinkað sér eftir veru í skólanum í 15 ár?

Eftirfarandi kom fram í niðurstöðum hópsins:

Vinnan:

Einstaklingur hafi tileinkað sér sjálfstæði í vinnubrögðum, færni til að afla upplýsinga, félagsfærni og gagnrýna og skapandi hugsun.

Fjölskyldan:

Skólinn leggi áherslu á vellíðan einstaklingsins og árangur hans í skólanum.

Grenndarsamfélagið:

Einstaklingurinn verði samfélagslega virkur og sé meðvitaður um umhverfi sitt.

Persónan:

Einstaklingur hafi aðlögunar- og námshæfni, sé sjálfstæður, þekki getu sína og hafi samvinnu- og samskiptahæfni.

Námsvarðan - Horft var á það sem er sérstakt við skólann eða á að verða sérstæða skóla sem er í mótun - tengd eru saman leiðarljós, sýn og gildi. Eftirfarandi einkunnarorð komu fram:

- Vöxtur – þroski - víska
- Náttúra Lífsgleði Sveigjanleiki Kraftur
- Ferðalangur á leið um lífið ... inn í framtíð sína
- Varðan vísar veginn – áin bugðast – flæði - ræktun

Námsferlið - Vinnuhópurinn fékk kynningu á starfi leikskóla og á starfi og áherslum í Norðlingaskóla. Kynnt var sýn barna á Garðaborg um leikskólann, og nemenda Norðlingaskóla um óskaskólann sinn og starf ÍTR í grunnskólum var kynnt.

Námsskipulagið - Varðar skipulag meginþátta skólastarfsins til að námsferillinn verði árangursríkur. Helstu áherslur hópsins voru eftirfarandi:

- Gott aðgengi verði að skólahúsi og greinilegir inngangar.
- Í skólanum verði sveigjanleg fjölnota rými, rúmar hentugar sérgreinastofur/ smiðjur og misstór kennslurými.
- Skólalóðin verði falleg með gróðri og hönnuð og útbúin samtímis byggingunni.
- Leikskóli verði í sérhúsi en tengist húsi grunnskólans með sal. Hjartað verði sameiginlegt fyrir mismunandi skólastig.
- Samkennta 2ja árganga verði á báðum skólastigum og kennarahópar myndi teymi eftir stigum. Leiknum verði gert hærra undir höfði en nú er.
- Vinnutími nemenda sé heildstæður frá 7:30 til 17:30, innan þess tíma rúmist bæði nám og tómstundastarf með lagskiptu vinnuskipulagi.
- Nemendur hafi um það að segja hvernig skipulagið lítur út og valfrelsi þeirra sé aukið. Ákvarðanatöku sé lýðræðisleg og fagleg atriði ákveðin af fagaðilum. **Rödd barnanna** þarf alltaf að heyrast í ákvarðanatöku.

Þrjár tillögur komu fram í hópnum um stjórnun:

- Skólastjórar leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og stjórnandi frístundaheimilis myndi teymi. Hver stýri sinni stofnun en teymið taki sameiginlega ákvarðanir sem varða heildina og samstarfið.
- Einn stjórnandi stýri skólanum þ.m.t. leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og frístundaheimili og síðan eru deildarstjórar yfir hverri einingu.
- Ein stofnun sér um alla menntun barnsins. Ekki skipt eftir aldri eða áherslum.

Námssamstarfið - Tekur til samstarfsaðila í grenndarsamfélaginu svo námsskipulagið og námsferlið virki sem best og námsvæntingum verði mætt.

Niðurstöður hugflæðis voru teknar saman:


- Nemandinn sjálfur, foreldrar og fjölskylda, kennarar og allt starfsfólk skóla, vinir og samnemendur, einstaklingar og stofnanir í grenndarsamfélaginu geta allir haft áhrif á og stuðlað að námi.
- Kennarar og starfsfólk skóla ber mesta ábyrgð á að nám fari fram og skapa aðstæður til þess að svo megi verða.
- Foreldrar og fjölskylda veita umhyggju, stuðning og hvatningu. Í umhverfinu eru fyrirmyndir og aðilar sem veita upplýsingar. Fræðslufirvöld hjá ríki og borg móta stefnu.

Námsumhverfið – Felur í sér búnað, tækni og húsnæði, auk námsstaða utan skólabyggingar þar sem námið fer fram. Unnið var í fjórum hópum þar sem hver hópur gerði sína tillögu og skissu þar sem m.a. komu fram eftirtaldar áherslur:

- Byggingin bjóði mann velkominn og hver skólaeining hafi sinn karakter.
- Sveigjanleiki í rýmum, fjölnotarými og sameiginleg rými leikskóla og yngri deilda grunnskóla.
- Úti- og innirými flæði vel saman, göngu-/ útivistar-/ fræðslu-/ leikumhverfi tengist út í hverfið og náttúrlega umhverfið.
- Húsið sé í takt við tækni tímans.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Inngangur	5
Inngangur	6
Fulltrúar í vinnuhópi.....	7
Stýrihópur.....	8
Skólahverfið	9
Nemendaspá	10
Vinnuferlið og niðurstöður hópavinnu	12
Vinnuferlið og niðurstöður hópavinnu	12
Kynningarfundur	12
Námssamhengið	14
Námssamfélagið	18
Námsvæntingarnar	19
Námssvarðan.....	22
Námssferlið.....	24
Námsskipulagið.....	31
Námssamstarfið og námsliðið	35
Námsumhverfið.....	37
Námshagnaðir	39
Námshjármögnun.....	39
Lokaorð	40
Heimildir:	40
Heimildir:	41



Inngangur

Á 21. fundi menntaráðs Reykjavíkur 3. nóvember 2005 var lagt fram minnisblað þar sem fjallað var um þörf fyrir nýframkvæmdir við grunnskóla Reykjavíkur á næstu árum. Þar segir m.a. um nýjan grunnskóla í Norðlingaholti:

Skólinn er staðsettur í miðju hverfisins og er hugsaður sem miðstöð þess. Áætlað er að byggja leikskóla á sömu lóð og er mikilvægt að undirbúningur að þeim fari fram á sama tíma. Við það skapast tækifæri til að hugsa þessi skólastig sem eina heild og gera ráð fyrir ýmis konar samvinnu og samnýtingu frá upphafi. Jafnframt má hugsa sér að fleiri aðilar tengist skólastarfinu, s.s. kirkja, bókasafn, tónlistarskóli, o.fl. Nauðsynlegt er að hefja undirbúning sem fyrst með þátttöku hagsmunaaðila.

Í undirbúningi að stofnun nýs leik- og grunnskóla í Norðlingaholti í Reykjavík var ákveðið að kalla saman hóp fólks úr ýmsum áttum til að leggja fram hugmyndir um starf skólanna. Þetta var gert til að auka þátttöku borgarbúa í mótun grenndarsamfélagsins, en einnig til að fá fram sem flestum og fjölbreyttum hugmyndum um skóla og skólastarf og tengslum hans við umhverfi sitt svo mæta megi breytingum í þjóðfélaginu og breyttum áherslum í starfi og umgjörð skóla. Í undirbúningsvinnunni var fylgt ferlinu „Frá hinu almenna til hins sérstæða“ (Design Down Process) sem er sams konar ferli og fylgt var við undirbúning að hönnun Ingunnarskóla árið 2000 og Korpuskóla árið 2002.

Boð um þátttöku í undirbúningsvinnunni var sent til ýmissa aðila innan og utan skólakerfisins. Starfað var eftir aðferð sem mótuð var af skólamönnum og arkitektum í Minnesota í Bandaríkjunum fyrir um 15 árum. Aðferðin felst í stórum dráttum í því að hópur fólks úr ýmsum áttum fer saman í gegnum ákveðna hugmyndavinnu innan skilgreinds ferlis sem skiptist í 10-12 þrep. Gengið er út frá því að skólar í núverandi mynd hafi ekki verið til um allar aldir, þeir voru mótaðir af venjulegu fólki, þeim megi umbreyta á alla vegu. Byrjað er á því að skoða almennt umhverfi skólans, samfélagslegt og umhverfislegt, s.s. námsaðstæður og væntingar til starfsins almennt, og nálgast síðan skólann sjálfan, innra starf hans og útlit, þ.e. einkenni, námsskipan og námsumhverfi, skref fyrir skref. Þannig er leitast við að tengja saman í eina samfellda heild skipulag skólastarfsins, hönnun byggingar og þátttöku grenndarsamfélagsins í námi nemenda.

27 manna vinnuhópur

Í lok janúar 2006 var ýmsum aðilum innan og utan skólakerfisins sent bréf með boði um þátttöku í undirbúningi að leik- og grunnskóla í Norðlingaholti. Þar kom fram að hópnum var ætlað að koma með hugmyndir til að móta áherslur í skólastarfi leik- og grunnskóla í Norðlingaholti til að undirbúa byggingu skóla. Einnig að verkefnið nær til markmiða skólans, innra starfs og útfærslu byggingar og að við lok vinnunnar skuli liggja fyrir lýsing á megináherslum í skólastarfi og lausleg hugmynd um innra fyrirkomulag bygginga.

Leiðarljós:

- Móta vettvang þar sem nám fer fram
- Taka mið af þörfum barna, fjölskyldna þeirra, grenndarsamfélagsins og samfélagsins alls.

Flestir þáðu boðið og var myndaður 28 manna vinnuhópur undir stjórn Önnu Kristínar Sigurðardóttur skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu Menntasviðs.

Haldinn var kynningarfundur 30. maí 2006 í sal Menntasviðs að Fríkirkjuvegi 1. Þar voru kynnt vinnubrögð sem viðhöfð verða í starfshópnum. Í kjölfarið voru haldnir þrjú 6 tíma

vinnufundir á tímabilinu 1. – 21. júní þar sem unnið var markvisst í hópvinnu eftir undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða. Eftir þá fundi verður unnin forsögn og hún kynnt hópnum á lokafundi mánudaginn 4. september.

Skýrsla vinnuhópsins fer til arkitekta á stofunum þremur sem valdar voru í auglýstu forvali á vegum Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar til að gera samanburðartillögur um nýbyggingu fyrir grunn- og leikskóla í Norðlingaholti. Arkitektastofurnar eru: *Á stofunni arkitektar*, *Hornsteinar arkitektar ehf* og *Úti og inni sf - arkitektar*. Fulltrúar þeirra tóku þátt í undirbúningsvinnunni og verður skýrslan grundvöllur tillagnanna ásamt rýmisgreiningu.

Fulltrúar í vinnuhópi

Menntasvið:

Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu stýrði starfi vinnuhópsins
Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu
Birna Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu var ritari vinnuhópsins
Kolbrún Vigfúsdóttir, verkefnisstjóri á leikskólaskrifstofu var starfsmaður vinnuhópsins

Tónlistarskólar:

Laufey Ólafsdóttir, tónlistarfulltrúi

Framkvæmdasvið:

Rúnar Gunnarsson, arkitekt
Andrés Ásmundsson, verkefnisstjóri
Friðgeir Indriðason, verkefnisstjóri
Dagný Helgadóttir, arkitekt

Skipulags og byggingasvið:

Lilja Grétarsdóttir, arkitekt

Umhverfissvið:

Rósa Magnúsdóttir, deildarstjóri

Þjónustumiðstöð Árbæjar:

Þorgeir Magnússon, deildarstjóri

Íþrótt- og Tómstundaráð:

Jóhannes Guðlaugsson, forstöðumaður frístundamiðstöðvar
Gunnar Örn Jónsson, eignafulltrúi

Íþróttafélagið Fylkir:

Örn Hafsteinsson, framkvæmdastjóri

Leikskólar:

Þórunn Gyða Björnsdóttir, leikskólastjóri
Valgerður Anna Þórisdóttir, leikskólakennari
Ingbjörg M. Gunnlaugsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

Norðlingaskóli:

Sif Vígbórsdóttir, skólastjóri
Ágúst Ólason, grunnskólakennari
Friðgeir Hallgrímsson, grunnskólakennari

Þórunna Rósa Ólafsdóttir, grunnskólakennari

Lögreglan í Reykjavík:

Jóhann Davíðsson, lögreglumaður í Mjóddinni

Fulltrúar foreldra:

Berglind Eva Ólafsdóttir, foreldraráði Norðlingaskóla

Sólrún Ragnarsdóttir, foreldraráði Norðlingaskóla

Henrietta Guðrún Gísladóttir, foreldri barns á leikskólaaldri

Pyrí Rut Gunnarsdóttir, foreldri barns á leikskólaaldri

María Svava Guðjónsdóttir, foreldri barns á leikskólaaldri

Einnig tóku þátt í vinnu hópsins arkitektar frá:

Á stofunni – arkitektar; Hilmar Þór Björnsson, arkitekt, Sigríður Ólafsdóttir, arkitekt

Hornsteinar – arkitektar; Kristín Þorleifsdóttir, arkitekt, Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt

Úti og inni – arkitektar; Jón Þór Þorvaldsson, arkitekt, Örn Baldursson, arkitekt

Stýrihópur

Myndaður var stýrihópur sem undirbjó vinnufundina og hélt utan um vinnu hópsins.

Hópurinn skipaður:

Anna Kristín Sigurðardóttir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu

Rúnar Gunnarsson, arkitekt á Framkvæmdasviði

Andrés Ásmundsson, verkefnisstjóri á Framkvæmdasviði

Birna Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri á Menntasviði


Elísabet Pálmadóttir, verkefnisstjóri á Menntasviði/ Kolbrún Vigfúsdóttir, verkefnisstjóri á Menntasviði

Sif Vígbórsdóttir, skólastjóri Norðlingaskóli

Stýrihópurinn hélt alls 7 fundi á tímabilinu.

Þessi skýrsla er tekin saman af Birnu Sigurjónsdóttur og Önnu Kristínu Sigurðardóttur og byggir á niðurstöðum vinnufunda eins og þær birtust í fundargerðum.





Skólahverfið

Skólahverfið afmarkast af Suðurlandsvegi til norðausturs og Breiðholtsbraut til norðvesturs. Að sunnanverðu liggur hverfið að Elliðavatni og ánni Bugðu. Samfellt útivistarsvæði / hverfisverndarsvæði Bugðu er á milli íbúðarbyggðar og árinna. Göngustígur er yfir ána syðst í hverfinu og tengir byggðina við útivistarsvæðið í Heiðmörk. Verslun og þjónusta er ráðgerð á lóð við hliðina á skólanum um sameiginlegan aðkomuveg.

Í hverfinu er gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis. Hverfið er heildstætt hvað varðar þjónustu, með leik- og grunnskóla í miðju hverfinu og verslunar- og þjónustuhús nær Breiðholtsbraut. Í hverfinu verða 930 íbúðir þegar það verður fullbyggt, þar af 30% í sérbyli. Gert er ráð fyrir að fjöldi íbúa verði um 2500 manns miðað við 2.5-3 íbúa í hverri íbúð.

Ein stofngata liggur um hverfið þar sem strætisvagnar ganga. Gönguleiðir og umferðaröryggi er tryggt svo sem verða má. Skólareitur er afmarkaður í miðju hverfisins og innan hans er gert ráð fyrir byggingarreit skólahúss og leikskóla ásamt íþróttahúsi. Skólalóð fyrir báða skólana er samliggjandi.

Allar götur í hverfinu eru kenndar við vöð. Forn þingstaður Kjalarnesþings var talinn vera þar sem nú er Elliðavatn, og eru þar merkar fornminjar. Þegar menn úr Borgarfjarðarsveit og aðrir sem komu að norðan komu til þings (Norðlingar) var ekki rúm fyrir tjöld þeirra á þingsvæðinu og tjölduðu þeir því á holtinu, af því er nafnið Norðlingaholt dregið. Á leið sinni þurftu þeir að fara yfir margar ár á vöðum. Nöfnin í hverfinu heiðra þessa sögu.

Í sunnanverðu hverfinu er gróðurreitur þar sem áður voru sumarbústaðir, sá reitur verður látinn halda sér. Fram kom að skólastjóri hefur lagt drög að því að fá reitinn, sem skólafólkið nefnir Björnslund, fyrir útikennslustofu.

Nemendaspá

Eftirfarandi spá um fjölda í leik- og grunnskólum í Norðlingaholti var unnin á gagnadeild Menntasviðs Reykjavíkur 29. maí 2006 og kynnt fyrir vinnuhópnum á kynningarfundum. Spáin byggir á þeim forsendum sem nú liggja fyrir, en áformað er að gera nýja spá haustið 2006.


Samkvæmt aðalskipulagi verða byggðar 930 íbúðir í Norðlingaholti á árunum 2004-2009 (tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi íbúða sem verða byggðar í Norðlingaholti á ári hverju.

	Samtals	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi íbúða	930	120	200	300	250	60

Haustið 2005 voru skráðir 24 nemendur í Norðlingaskóla en við lok skólaárs voru þeir 40. Í ágúst 2006 eru skráðir 100 nemendur í 1.-8. bekk fyrir skólaárið 2006-2007.

Að meðaltali eru 0,37 börn á skólaaldri í íbúð í borginni (6-15 ára). Á mynd 1 má sjá spá um nemendafjölda í Norðlingaholti, annars vegar ef miðað er við 0,3 nemendur í íbúð og hins vegar ef miðað er við 0,4 nemendur í íbúð. Samkvæmt þróun nemendafjölda í öðrum skólum í Reykjavík nær hverfi yfirleitt jafnvægi á 22. aldursári skóla. Ef miðað er við 0,3 nemendur á hverja íbúð í Norðlingaholti verða þeir um 261 þegar hverfið hefur náð jafnvægi á 22. aldursári skólans. Ef hins vegar miðað er við 0,4 nemendur í íbúð yrðu þeir um 348.



Mynd 1. Nemendaspá í Norðlingaholti er miðuð við að flutt verði inn í 930 íbúðir á árunum 2005-2009.

Flestir yrðu nemendur á 10. aldursári skólans ef uppbygging fylgir líkani um þróun nemendafjölda í öðrum skólum.

Að meðaltali eru 0,24 börn á leikskólaaldri (1-5 ára) í hverri íbúð í Reykjavík. Ef miðað er við 930 íbúðir í Norðlingaholti ætti fjöldi leikskólanemenda að vera um 223 þegar hverfið hefur náð jafnvægi sé miðað við það hlutfall. Hlutfall leikskólabarna er þó mjög misjafnt eftir hverfum, allt frá 0,47 niður í 0,14. Ef skoðuð eru hverfi eins og í kringum Víkurskóla, Klébergsskóla og Borgaskóla er hlutfall leikskólabarna um það bil 0,36 á íbúð. Sé miðað við það hlutfall væru leikskólabörn 335 í Norðlingaholti. Ekki er til líkanl um fjölda leikskólabarna eftir aldri leikskóla. Í maí 2006 voru 46 börn fædd á árunum 2001-2005 með lögheimili í Norðlingaholti.




Vinnuferlið og niðurstöður hópavinnu

Í þessum kafla verður lýst niðurstöðum úr vinnu hópsins. Fyrst er greint frá kynningarfundum og þeim áherslum sem ferlið byggir á. Þá er lýst þeim skrefum sem aðferðin – hönnunarferli frá hinu almenna til hins sérstæða – fylgir. Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu stýrði vinnunni og innleiddi vinnuna í hverju skrefi, nema á þriðja vinnufundi þegar Birna Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu og Rúnar Gunnarsson, arkitekt á mannvirkjaskrifstofu leiddu vinnuna. Kynningarfundurinn var haldinn í sal aðalskrifstofu Menntasviðs en vinnufundirnir þrír voru haldnir í Norðlingaskóla, Ingunnarskóla og í sal aðalskrifstofu Menntasviðs. Þeir stóðu frá kl. 12:00-18:00 og hófust allir með inngangserindi og en síðan fór fram hugmyndavinna í vinnuhópum. Á fyrsta vinnufundi kynntu nemendur úr Norðlingaskóla sínar áherslur um hvernig þeir vilja hafa nýja skólann sinn og skólastjóri Norðlingaskóla, Sif Vígbórsdóttir, kynnti áherslur og sýn skólans. Á öðrum vinnufundi kynnti Hildur Skarphéðinsdóttir áherslur og hugmyndafræði leikskólustarfs og Kolbrún Vigfúsdóttir, verkefnastjóri á leikskólaskrifstofu kynnti hugmyndir leikskólalabarna á Garðaborg um óskaleikskólann. Þá kynnti Jóhannes Guðlaugsson áherslur í starfi ÍTR með nemendum grunnskóla.

Kynningarfundur

Á kynningarfundum kynnti Anna Kristín Sigurðardóttir vinnuferlið og fór yfir helstu þætti undirbúningsferlisins hönnun frá hinu almenna til hins sérstæða (Design Down Process). Skrefin í undirbúningsferlinu byggja hvert ofan á annað og leiða síðan til ákvarðanatöku.



Verkefnið er upprunnið í Minnesota í USA og hófst sem rannsóknarverkefni 1999. Það var fyrst kynnt hér á landi á málþingi í apríl 2000. Aðferðinni er nánar lýst í bæklingi Gerður G. Óskarsdóttur (2001). *Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða* (Design Down Process).

Áhersluþættir í vinnunni eru að:

- Brjóta gegn hefðum ef menn telja það skila árangursríkara skólastarfi.
- Einstaklingar læra á ólíkan hátt. Hið sama má læra innan margra námsgreina og á ólíkum stöðum.
- Hugsa nám og markmið þess út frá tækifærum og ögrunum í framtíðinni í starfi, samfélagi, fjölskyldu og einkalífi.
- Skólinn er námssamfélag allra sem hlut eiga að máli.
- Allir þættir skólastarfsins þurfa að mynda eina heild svo gæði og skilvirkni séu sem mest.
- Áhersla á nám í stað kennslu.
- Sérstaða hvers skóla.
- Nýr skóli ekki dýrari í byggingu en eldri skólar.
- Átta sig á áherslum í skólastarfinu áður en hönnun nemendaumhverfis/byggingar hefst.
- Þátttakendur í undirbúningi séu nemendur, kennarar, skólastjórnendur, foreldrar og aðrir aðilar úr grenndarsamfélaginu.

Í lok fundarins voru þátttakendur beðnir að hugsa um eitt atriði sem þeim finnst mikilvægt í skólastarfi á Norðlingaholti. Eftirtalin atriði voru tilgreind í framtíðarsýn:

- Að allir sem koma að kennslu séu sammála um þessa aðferðafræði
- Leikskóli – aðalnámskrá leikskóla – Samþætting?
- Sameiginlegur leik- og grunnskóli
- Heildarskipulag fyrir börn frá 1-16 ára
- Leik- og grunnskóli undir sama þaki?
- Skóladagur búinn kl. (16) 15 - Almennt nám og tómstundanám
- Hljóðkerfi í kennslueiningar
- Salur fyrir skólahljómsveit / kóra
- Æfingastofur fyrir hljóðfærakennara
- Aðstaða til tónlistarkennslu sem tekur mið af hljómburði og hljóðvist
- Tónlistarskóli – samþætt almennu skólastarfi
- Tenging náttúru og list- og verkmennta
- Vötnin tvö
- Að nýta náttúruna og umhverfi Norðlingaholts
- Nýta hið einstaka náttúrulega umhverfi skólans
- Náttúran
- Rauðhólar
- Umhverfismennt tengist öllu skólastarfi
- Flétta saman skóla og umhverfi
- Manneskjulegt umhverfi
- Vatn – Friðun
- Sundlaug, stórt íþróttahús
- Sundlaug - 3 tillögur
- Aðgengi
- Vellíðan
- Góð aðstaða fyrir listgreinakennslu / starf sem nýtist bæði nemendum skólans (1-16 ára) og íbúum hverfisins (leiklist, tónlist, myndlist, dans)
- Fá myndlistarfólk í starfshópinn? Mikilvægt varðandi skapandi starf með börnum

- Mennta- og menningarsetur
- Samfélagslega virkt húsnæði
- Byggingin þjóni öllum íbúunum

Námssamhengið

Á fyrsta vinnufundi var verkefnið að móta áherslur í skólastarfi leik- og grunnskóla í Norðlingaholti sem undirbúning fyrir hönnunarferlið og var byrjað á námssamhenginu.

Kröfur eru uppi um að nám á 21. öldinni þurfi að breytast í takt við þær umfangsmiklu breytingar sem hafa orðið og eru að verða í samfélaginu og í fjölskyldulífi. Breyttar kröfur um færni fylgja breyttum tímum og breyttu fjölskyldumynstri. Grunnskólinn er nú að mennta einstaklinga sem munu móta þjóðfélagið til framtíðar. Spurt er; eru nemendur okkar færir um að afla sér þekkingar á eigin spýtur, taka ábyrgð á eigin námi, hafa þeir lært að vinna í hópi með ólíku fólki, þekkja þeir veikleika sína og styrkleika, eru þeir færir um að taka siðferðilega afstöðu, taka frumkvæði og vinna sjálfstætt, að vera sveigjanlegir og aðlagast auðveldlega nýjum aðstæðum.

Kröfur atvinnulífsins um færni breytast í takt við breytingar á samfélaginu. Skólastarf og skólabyggingar þurfa að taka mið af þessu.

Hópvinna um námssamhengið, athygli er beint að sérstökum kostum, vandamálum, tækifærum, metnaði og væntingum skólans. Hverjar eru staðbundnar þarfir og sérstaða skólans. Til að ræða þessa þætti var vinnuhópnum skipt í fjóra hópa sem skiluðu eftirfarandi niðurstöðum:

1. Kostir í stöðunni (með hliðsjón m.a. af Norðlingaholti) íslensku samfélagi, skólakerfinu á Íslandi, fjölskyldum í Norðlingaholti og umhverfi)¹

- Sveigjanleiki, ákveðinn sveigjanleiki eða jarðvegur fyrir breytingar í samfélaginu öllu
- Skólaþróun, er á ágætu skriði
- Afmörkun hverfisins, hverfið er afmarkað
- Upplýsingatækni, tæknin eykur tækifæri í skólastarfi
- Valkostur í Árbæjarhverfi, verður heildstæður skóli í Árbæjarhverfi og valkostur við hinn heildstæða grunnskólann
- Leik- og grunnskóli saman
- Þorp allir þekkja alla
- Nálægð við ósnortna náttúru
- Öryggismörk - aldursdreifing: þarf að gæta að öryggismörkum fyrir alla aldurshópa þegar umhverfi skólans er notað sem námsmöguleikar

2. Vandamál/ögranir í stöðunni, í Norðlingaholti (með hliðsjón af kennsluáðferðum, skipulagi skólastarfs á báðum skólastigum, foreldrum, staðsetningu o.s.frv.):

- Breytilegur nemendafjöldi, miðað við spár verður nemendafjöldi frá 350 – 600
- Mikill fjöldi nemenda í færanlegum kennslustofum, kallar á margar færanlegar stofur a.m.k. á tímabili
- Áin Bugða - leysingar, öryggismál, flóð

¹ Skáletrað er það sem var sagt í kynningu til viðbótar því sem var skráð á flettiblöðin.

- Stórar umferðagötur loka hverfið af, *hverfið afmarkað af umferðaræðum*
- Íþróttaaðstaða og leiksvæði, *s.s. sparkvellir ekki afmarkaðir, Rauðavatn, Rauðhólar freistandi leiksvæði en ekki örugg þarf mótvægi í leiksvæðum*
- Rótleysi, *afmarkað hverfi ögrun vegna rótleysis, getur breyst í kost, landnematilfinning*
- Bílastæði við leikskóla
- Tómstundastarf – tónlist, dans, myndlist o.fl., *skipulagning á frjálsum íþróttanámi, listnámi, þarf að gera hluta af skólanum*
- Félagsmiðstöð/Frístundaheimili, *hvaða hlutverki kemur félagsmiðstöð og Frístund til með að gegna, byggja upp í hverfinu*
- Börn 1-16 ára, *ögrun að húsnæðið þarf að þjóna breiðum aldurshópi*

3. Tækifæri sem við höfum (á Norðlingaholti, í skólakerfinu almennt o.s.frv.)

- Landnám, *ómótað starf, söguslóðir*
- Umhverfið – náttúran, *gefur mikil tækifæri fyrir útivist í Heiðmörk, við Elliðavatn, á skógræktarsvæði og til vettvangskennslu og útivistar*
- Afmörkuð byggð
- Brjóta blað, nýjungar, bygging, *nýjungar bæði í skólastarfi og byggingu*
- Tengja hverfið meira við náttúruna
- Söguslóðir, *virkja eldri borgara*
- Tækifæri við útivist og tómstundir – hestamennska
- Tengsl við atvinnustarfsemi í/við hverfið
- Náttúruskólinn
- Áhersla á dýralíf
- Stutt í skíðasvæði
- Vettvangsnám og útikennsla
- Tenging við „græna trefilinn“
- Helligheidarvirkjun
- Skógræktarfélag Reykjavíkur
- Heilsuefling og almenningsíþróttir
- Tækifæri til sterkra samfélagsmótunar
- Tækifæri til að efla foreldra + list- og verkgreinar – hvatning til sköpunar
- Vitundarvakning
- Nýtt borgarhlið í Reykjavík
- Miðja þéttbýlis, *svæðis sem teygir sig austur fyrir fjalla, sjálfbært hverfi*
- Hvatning til virkrar þátttöku

4. Væntingar til skólanna okkar á Norðlingaholti,

- Skapandi og frumkvætt umhverfi
- Samfélagsleg virkni, hús, starfsemi, *samfélagið allt undir, samfélagslega virkt hús, menningarmiðstöð hverfisins, ekki bara hugsað fyrir nemendur 1-16 heldur alla íbúa 1-100*
- Manneskjulegt umhverfi, *húmanísk miðstöð í hverfinu*
- Örvandi og opið umhverfi
- *þarf að rúma margbreytileika, eldri borða í hádegi*
- Sveigjanleiki
- Vera breytanlegt, *breytilegt húsnæði fyrir þarfir sem við sjáum ekki nú*
- Fjölnotahús fyrir hverfið

- Áhersla á list- og verkgreinar og fjölnýtingu
- Leik- og grunnskóli saman, *en ekki endilega í sömu byggingu*
- Skipulagt út frá hjarta/kjarna, *sem er sameiginlegur og annað gengur út frá*
- Sundlaug
- Íþróttasalur, -hús
- Leiklist/sviðslist/tónlist
- *Skólinn verður valkostur í Árbæjarhverfinu, þegar byrjað, þýðir að nemendaspá ekki algildur mælikvarði á stærð væntanlegs skólahúsnæðis, áhersla menntaráðs á að foreldrar eigi val um skóla (um 13% nemenda eru í skóla utan hverfis)*

Námssamhengið - flokkun niðurstaðna:

Að lokinni kynningu frá hópunum fjórum voru allir þátttakendur beðnir að skoða listana og skrifa átta mikilvæg atriði af þeim - hjá sér á blað. Þegar því var lokið gaf hver og einn atriðunum sem hann valdi einkunn frá 1-5 eftir mikilvægi (hver tala notuð einu sinni). Síðan var einkunnagjöfin skráð á listana og atriðum þannig gefið vægi. Á eftirfarandi lista er atriðum raðað eftir stigafjölda.

	einkunn
1. Umhverfið og náttúran	43
2. Samfélagsleg virkni	43
3. Sveigjanleiki	29
4. Fjölnota hús	27
5. Brjóta blað, nýjungar, bygging	26
6. Skapandi og frumkvætt umhverfi	23
7. Örvandi og opið umhverfi	20
8. Leikskóli og grunnskóli saman	17
9. Tækifæri til sterkar samfélagsmótunar	13
10. Breytilegur nemendafjöldi	13
11. Vettvangsnám og útikennsla	12
12. Sundlaug	9
13. Skipulagt út frá kjarna	9
14. Íþróttastaða – leiksvæði	8
15. Vera breytanlegt (húsnæði)	8
16. Rými og margbreytileiki	7
17. Börn 1-16 ára	6
18. Landnám	5
19. Skólaþróun	5
20. Náttúruskólinn	4
21. Afmörkun hverfisins	4
22. Sveigjanleiki, jarðvegur	4
23. Íþróttasalur/-hús	3
24. Tækifæri fyrir útvist og tómstundir, hestamennska	3
25. Almenningsíþróttir og heilsuefling	3
26. Þorp – þekkja alla	2
27. Nálægð við náttúru	2
28. Tengja hverfið meira náttúruna	2
29. Tengsl við atvinnustarfsemi í/við hverfið	2
30. Hvatning til virkrar þátttöku	2
31. Öryggismörk, aldursdreifing	2
32. Tómstundastarf, tónlist, dans, myndlist o.fl.	2
33. Leiklist, sviðslist, tónlist	2
34. Áhersla á dýralíf	1
35. Upplýsingatækni	1
36. Nýtt borgarhlíð	1

Mikilvægustu þættir í námssamhenginu voru síðan flokkaðir og talinn saman stigafjöldi í hverjum flokki:

Flokkur	Atriði nefnd og stigafjöldi
Umhverfið og náttúran	Umhverfið og náttúran 43
	Vettvangsnám og útikennsla 12
	Náttúruskólinn 4
	Nálægð við náttúru 2
	Áhersla á dýralíf 1
	Tengja hverfið meira við náttúruna 2
	Tækifæri fyrir útivist og tómstundir, hestamennska 3
	Afmörkun hverfisins 4
	Öryggismörk, aldursdreifing 2
	Samtals 73
Tengsl við grenndarsamfélagið	Samfélagsleg virkni 43
	Fjölnota hús 27
	Tengsl við atvinnustarfsemi í/við hverfið 2
	Þorp – þekkja alla 2
	Hvatning til virkrar þátttöku 2
	Nýtt borgarhlíð 1
Samtals 77	
Sveigjanleiki	Sveigjanleiki 29
	Vera breytanlegt (húsnæði) 8
	Rými og margbreytileiki 7
	Sveigjanleiki, jarðvegur 4
	Örvandi og opið umhverfi 20
	Breytilegur nemendafjöldi 13
Samtals 81	
Tækifæri til að skapa „nýtt“	Brjóta blað, nýjungar, bygging 26
	Tækifæri til sterkrar samfélagsmótunar 13
	Skólaþróun 5
	Landnám 5
	Skapandi og frumkvætt umhverfi 23
Samtals 72	
Leikskóli og grunnskóli saman	Leikskóli og grunnskóli saman 17
	Börn 1-16 ára 6
	Skipulagt út frá kjarna 9
Samtals 32	
Listir og skapandi starf	Tómstundastarf, tónlist, dans, myndlist 2
	Leiklist, sviðslist, tónlist 2
	Samtals 4
Íþróttir og heilsuefling	Sundlaug 9
	Íþróttasalur/-hús 3
	Almenningsíþróttir og heilsuefling 3
	Íþróttaaðstaða – leiksvæði 8
	Samtals 23

Áherslupáttum var raðað í efnisflokkum og flokkar sameinaðir, s.s. listir og skapandi starf og opið og örvandi umhverfi:

1. Sveigjanleiki í húsnæði og opið og örvandi umhverfi (81 stig). + 4 stig listir og skapandi starf
2. Sterk tengsl við grenndarsamfélagið, samfélagsleg virkni (77 stig).
3. Tengsl við umhverfið og náttúruna (73 stig).
4. Tækifæri til að skapa „nýtt“ (72 stig).
5. Leikskóli og grunnskóli saman (32 stig).
6. Íþróttir og heilsuefling (sundlaug) (23 stig)

Námssamfélagið

Í þessu skrefi er fjallað um hverjum skólinn þjónar. Unnið var með hugflæði í öllum hópnum og allir beðnir að hugleiða fyrir hverja skólinn er. Mikilvægt er að minna sig á að skólinn þjónar mörgum og ekki síst samfélaginu í heild og hefur mörg hlutverk. Með því að draga fram alla notendur skólans má aðlaga hönnun og skipulag skólans að þeim breiða hópi.

Aðilar sem skólinn getur þjónað:

- börnin: *öll börn (fatlaðir)*
- foreldrar,
- allir 1-100 ára í hverfinu
- grenndarsamfélagið
- atvinnulífið
- starfsfólk
- Reykjavíkurborg
- kirkjan,
- aðrir skólar
- skólastjórinn
- samfélagið í heild
- borgarhlutinn,
- þjónustumiðstöð,

Skólinn þjónar hlutverki í:

- þróun,
- þekkingu – þekkingarþörf einstaklingsins
- uppeldi og þroska - *örvun*
- miðlun
- félagslífi
- jöfnuði, *jafnrétti*
- KHÍ - *kennaramenntun*, fyrir *framhaldsskólann*
- að standa vörð um hagsmuni barna
- alheimsvæðingu
- fyrir framtíðina
- menninguna/
- fjölmeninguna/ listir
- íþróttirnar

Námsvæntingarnar

Markmiðin í námi nemenda. Hvað viljum við að þau hafi tileinkað sér eftir veru í skólanum í 15 ár. Skipt var í fjóra hópa, hver hópur vann með eitt af eftirfarandi: **Vinnan**, **Fjölskyldan**, **Grenndarsamfélagið** og **Persónulega lífið**.

Allir hópar svöruðu eftirfarandi spurningu um sinn þátt:

Hverjar eru helst áskoranir sem mæta okkur í vinnu/fjölskyldulífi/ grenndarsamfélagi/ persónulegu lífi við upphaf 21. aldarinnar? Á grunni þessara áskorana, hvað væntum við að komi út úr námi barnanna í skólanum okkar? Hvað eiga þau að geta, meta og vita?

- **Vinnan - áskoranir og væntingar²**
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Upplýsingaöflun
- Samvinna/hópvinna, *einstaklingur geti bæði unnið einn og í hóp*
- Þolinmæði/umburðarlyndi
- Koma þekkingunni frá sér
- Sjálfstraust
- Almenn samskipti
- Tækniþekking, *geti nýtt sér tæknina til upplýsingaöflun, tæknilæsi - ólíkt verkviti/verkþekkingu*
- Sjálfsbjargarviðleitni/frumkvæði
- Sjálfum sér nægur
- Skapandi hugsun, *læra að læra en ekki mötun*
- Gagnrýni/ á sjálfan sig og aðra
- Vandvirkni
- Félagsfærni
- Jákvæðni, *kennarinn beini nemandanum inn á jákvæðar brautir*
- Húmor, *er mikilvægur en má ekki vera særandi*
- Agi
- Virðing (náttúra og fólk)
- *Global viðhorf*

Fjölskyldan – áskoranir

- Þátttaka – tími skipulagður – óskipulagður: fjölskyldan stendur frammi fyrir mörgum áskorunum
- Virkni
- Árangur
- Breytt fjölskyldumynstur
- Kröfur til lífsgæða
- Kröfur atvinnulífs
- Jöfnuður til tækifæra
- Umhverfisvitund

Fjölskyldan – væntingar

- Færni – þroski
- Vellíðan
- Árangur - þekking
- Tækifæri

² Skáletrað er það sem var sagt í kynningu til viðbótar því sem var skráð á flettiblöðin.

- Manndómur
- Sjálfsþekking
- Siðferði
- Skyldur
- Samfélagsvitund
- Draumar og fyrirheit: *draumar eru mikilvægir*

Grenndarsamfélagið –áskoranir og væntingar til einstaklinga

Það sem einstaklingar leggja inn í samfélagið

- Lífsgleði = hamingja
- Virkni = samfélagslega virkir einstaklingar
- Gott sjálfsmat – stolt
- Traust – kunna að umgangast samfélagið
- Áræðni – þor – sjálfstraust
- Lýðræðisleg hugsun
- Umburðarlyndi - fordómaleysi
- Vinnusemi – dugnaður
- Umhverfisvitund – virðing
- Ábyrgð
- Skipulagning
- Tillitssemi – löghlýðni
- Sköpunargleði – frumkvæði
- Hópvitund= samvinna
- Skýra heimsmynd – fjölmennig
- Geta komið fram
- Félagsfærni

Persónulegt – áskoranir og væntingar

- Aðlögunarhæfni, börnin þurfa að geta aðlagast
- Náms hæfni, miklar kröfur, miklar væntingar, frumkvæði, skapandi einstaklingar
- Þekkja sína getu, einstaklingsmiðað nám, ekki allir að læra það sama
- Verið sjálfstæður einstaklingur, til að geta valið á eigin forsendum
- Móttækilegur fyrir örum breytingum
- Valið, geti valið á eigin forsendum
- Samvinnuhæfni, leggja af mörkum til heildarinnar
- Samskiptahæfni
- Víðsýni – og samskiptahæfni, mikilvægir eiginleikar til að einstaklingurinn geti virkað í hópi og samfélagi
- Siðferðislegt gildi
- Aðalnámskrá grunnskóla, ná að tileinka sér námsmarkmið, Umhverfisleg meðvitund
- Víðsýni
- Verkvit
- Skipulag
- verkþekking
- lesa rita, reikna grunnfærni – ekki tilgreind sérstaklega – sjálfsögð færni – áhersla á að afla þekkingar og öðlast færni til þess

Námsvæntingar – niðurstaða og samantekt:

Vinnan

Einstaklingur hafi tileinkað sér sjálfstæði í vinnubrögðum, færni til að afla upplýsinga, félagsfærni og gagnrýna og skapandi hugsun.

Fjölskyldan

Skólinn leggi áherslu á vellíðan einstaklingsins og árangur hans í skólanum.

Grenndarsamfélagið

Einstaklingurinn verði samfélagslega virkur og sé meðvitaður um umhverfi sitt.

Persónan

Einstaklingur hafi aðlögunar- og námshæfni, sé sjálfstæður, þekki getu sína og hafi samvinnu- og samskiptahæfni.



Námsvarðan

Horft er á það sem er sérstakt við skólann eða á að verða sérstakt við skóla sem er í mótun, tengd eru saman leiðarljós, sýn og gildi. Varðan þarf að vera um námið og vera sameiningartákn sem sýnir að allir stefna að sama marki. Skipt var í fjóra hópa og mótuðu þeir fyrst einkunnarorð og síðan merki eða tákn skólans/skólastarfsins.


Hópur 1

Vöxtur – þroski - víska




Hópur 2

Náttúra Lífsgleði Sveigjanleiki Kraftur



Hópur 3



*Ferðalangur
á leið
um lífið*

*áir
á holti Norðlinga*

*svalar þorsta
í flæði vatnsins*

*hressist
og gleðst
endurnýjast
heldur áfram
vonglaður
hugsandi*

inn í fram tíð sína

Hópur 4 Varðan vísar veginn – áin bugðast – flæði - ræktun



Námsferlið

Námsferlið er námskráin, kennslan og námið og mat á árangri. Lýst er námsmarkmiðum, kennsluaðferðum og námsreynslu og aðferðum við mat á árangri.

Fjallað er um námsverkefni og námsatburði, samþættingu námsgreina, þemanám, samvinnu, nemendur sem sjálfstæða námsmenn og nám innan og utan skólans. Í raun er verið að tala um námsaðferðir en ekki kennsluaðferðir. Litið er á nám sem ferli sem stendur frá æsku til eftirlaunaára og tekið tillit til þess að nemendur læra á mismunandi hátt og hafa til að bera hæfileika á ólíkum sviðum. Gerðar eru væntingar til allra nemenda og þeim skapaðar aðstæður til að beita námsaðferðum sem þeim henta.

Undir þessum lið fékk vinnuhópurinn kynningu á starfi leikskóla, á starfi Norðlingaskóla, vinnu barna á Garðaborg um sýn á leikskólann, sýn nemenda Norðlingaskóla á óskaskólanum og starfi ÍTR í grunnskólum.

Leikskólinn – áherslur í starfi

Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu kynnti áherslur og hugmyndafræði leikskólastigsins,

Uppeldis- og menntastarfið

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu.

Í lögum um leikskóla, nr. 78/1994, segir að meginmarkmið með uppeldi í leikskóla skuli vera:

- að veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði,
- að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir handleiðslu leikskólakennara,
- að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna,
- að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellndri þróun,
- að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

Eins og fram kemur í þessum markmiðum er hlutverk leikskólans að efla alhliða þroska barnanna í samvinnu við heimilin. (Þ.e. líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmunaþroska, félagsþroska, fagurþroska og siðgæðisþroska.)

Aðalnámskrá fyrir leikskóla var gefin út af Menntamálaráðuneyti 1999 og gerir hver leikskóli skólanámskrá á grundvelli hennar. Leikskólar gefa út ársáætlun ár hvert þar sem fram kemur mat á starfi fyrra árs ásamt markmiðum yfirstandandi skólaárs.

Í aðalnámskrá segir að leikurinn eigi að vera kjarni uppeldisstarfsins. Í leik örvar barnið alla sína þroskaþætti tjáir tilfinningar sínar, reynslu og upplifanir. Leikurinn er þess vegna leið barnsins til þess að læra og þroskast.

Leikskólinn þarf að hafa rými og aðstæður sem veitir börnunum tækifæri til að fást við hlutina og verkefni sjálf og nota sín hundrad mál. Börnin þurfa að fá tækifæri til að rannsaka, snerta, hlusta, þreifa, skapa og hreyfa sig frjálst og gefast þannig tækifæri til að læra af eigin reynslu. Í leikskólanum þarf að vera fjölbreyttur efniviður og verkefni þar sem þau geta unnið að margskonar skapandi starfi, tekist á við verkefni á sviði vísinda, lesturs og ritmáls,

náttúrufræði og náttúruverndar o.m.fl. Leikskólinn er fyrir öll börn og gefur því tækifæri til að kynnast og skilja fjölbreytileikann, efla félagsþroska og samkennd.

Húsnæðið og skólalóð

Segja má að húsnæðið og aðstaðan sé þriðji kennarinn í leikskólanum því er afar mikilvægt að húsnæði sé þannig að það henti vel fjölbreyttu starfi. Opin svæði og fjölnotasvæði mynda kjarna húsnæðisins, s.s. salur, listasmiðja, gangar, fataherbergi, snyrting. Einnig þarf að vera góð hvíldaraðstaða og heimastofa fyrir hópa.

Skólalóðin þarf að vera skipulögð þannig að hún örvi til leiks og náms, sem dæmi má nefna útsýnishóll þar sem hægt er að sjá vel yfir, brött sleðabrekka og tilfinningu fyrir því að það sé „opið“ út í náttúruna í kring.

Skipulagið

Fjöldi starfsmanna á deild fer eftir aldri og fjölda barna samkvæmt reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Starfslið og barnafjöldi.

6. gr.

Fyrir hvert stöðugildi leikskólakennara, sem sér um umönnun, uppeldi og menntun barna í leikskóla, skulu vera 8 barngildi samkvæmt reiknireglu 7. gr. Þessu til viðbótar koma störf leikskólastjóra, störf vegna sérstaks stuðnings, afleysinga og ræstinga og störf í eldhúsi samkvæmt mati rekstraraðila miðað við stærð leikskóla.

7. gr.

Ákvörðun um nýtingu húsnæðis og starfsmannaþörf leikskóla skal annars vegar háð lágmarkskröfum um fermetrafjölda húsnæðis fyrir hvert barn sbr. 2. gr. og er þá miðað við fjölda barna sem eru í leikskólanum samtímis og hins vegar fjölda barna miðað við stöðugildi sbr. 6. gr.

Barngildi leikskólabarna reiknast þannig:

5 ára barn reiknast sem 0,8 barngildi.

4ra ára barn reiknast sem 1,0 barngildi.

3ja ára barn reiknast sem 1,3 barngildi.

2ja ára barn reiknast sem 1,6 barngildi.

Eins árs barn eða yngri reiknast sem 2,0 barngildi.

Sem dæmi má taka eitt stöðugildi leikskólakennara = tíu 5 ára börn, eða fimm 2 ára börn. Sérkennsla er veitt börnum sem greind eru með sérþarfir og fer tímafjöldi í sérkennslu eftir fötlun hvers barns. Barna- og foreldrahópurinn speglar þá samfélagsgerð sem er í kring um leikskólann hvað varðar fjölmenningu og fjölskyldumynstur.

Daglegur vinnutími starfsfólks er átta stundir daglega og miðað er við að í öllum stöðum séu leikskólakennarar. Undirbúningstími leikskólakennara er fjórar til fimm stundir á viku. Gert er ráð fyrir foreldraviðtölum tvisvar á ári og tveim foreldrafundum.

Dæmi um dagskipulag í leikskóla:

07.30

Leikskólinn opnar

08.30 – 09.00

Morgunmatur

09.00 – 11.30

Frjáls leikur, útivera, hópastarf, þemavinna, vettvangsferðir

11.30 – 12.30

Hádegisverður og undirbúningur fyrir hann

12.30 – 13.00 Hvíld / slökun

13.00 – 15.30

Frjáls leikur, útivera, hópastarf, þemavinna, vettvangsferðir

15.30 – 17.00

Síðdegishressing, samverustund, frjáls leikur

17.00 – 18.00 Samvera og leikur – leikskólinn lokar

Hugmyndir 5 og 6 ára leikskólabarna um leikskólann sinn

Kolbrún Vigfúsdóttir fór í leikskólann Garðaborg og ræddi við átta börn sem eru 5 og 6 ára og eru að fara í grunnskóla í haust. Hún kynnti hugmyndir þeirra á vinnufundi hópsins.

Spurningarnar og svör barnanna fara hér á eftir.

Hvernig á leikskólinn að líta út?

1. *Tengja saman leik- og grunnskóla með risastórum sal. „Já, þá verður skítlétt að læra á grunnskólann“*
2. *Leikskólinn á að vera: kringlóttur með oddum uppúr þakinu*
3. *Leikskólinn á að vera þríhyrningur*
4. *Leikskólinn á að vera kössóttur*
5. *Leikskólinn á að vera blár - nei fjólublár – hann á að vera í alls konar á litinn*
6. *Gluggar í lofti eiga að vera ferkantaðir*
7. *Líka gluggar á veggjunum*

Hvernig á útileiksvæði að vera?

1. *Rennibraut og stöng til að renna sér á*
2. *Höll til að fara inn í úti í garði*
3. *Blóm í garðinum*
4. *Útidót – klifurgrind og mörk*
5. *Klifurkastali m/rennibraut og bandi til að toga sig upp*

Hvernig á innileiksvæði að vera?

1. *Dót með kubbunum / plastpeninga*
2. *Stórt herbergi – innifótbolti*
3. *Stjörnuherbergi til að hvíla. Hvítt herbergi með stjörnum og tunglum á veggjunum, ljósin eru hvít ský með myndum af himninum, gluggarnir eins og stjörnur*
4. *Hafa barnaólympíuleika*
5. *Kristalsljósakrónu*
6. *Barnaborð og stóla*
7. *„Klósett“ fyrir börnin*
8. *Innisundlaug*

Hvað á að vera í eldhúsi?

1. *Ísskápur*
2. *Kokkur*
3. *Eldavél*
4. *Ofn*

Hvað þarf fyrir starfsfólkið?

1. *Stofa fyrir konurnar að drekka kaffi*
2. *Önnur stofa*
3. *„Klósett“*

4. Stóla til að snúa sér á

Norðlingaskóli – áherslur í starfinu

Skólastjóri Sif Vígþórsdóttir kynnti skólann og áherslur.

Áherslur og sýn:

- Að starf skólans grundvallist á því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skuli búin námsskilyrði svo hann megi, á eigin forsendum, þroskast og dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður, sterkur og ekki síst **lífsglaður einstaklingur**.
- Að árgöngum sé kennt saman, þ.e. að byggt verði á samkenndu árganga en hún stuðlar m.a. að aukinni félagsfærni nemenda og auðveldar að sérhver þeirra fari á sínum hraða á grunnskólagöngu sinni.
- Að nemendum líði vel og að nám og starf sérhvers þeirra miðist við þarfir hans og getu sem og sterkar hliðar. Byggt verður á einstaklingsmiðuðum starfsháttum og samvinnu hvers konar. Mikil áhersla á list- og verkgreinar.
- Að skólinn sé fyrir alla nemendur skólahverfisins, án aðgreiningar, þar sem engum er ofaukið og allir velkomnir.
- Að starfsfólk skólans vinni í teyrum enda stuðlar slíkt fyrirkomulag að því að margbreytileikinn í hópi starfsfólks nýtist nemendum.
- Að skólinn verði í nánnum tengslum við samfélagið sem hann er hluti af, m.a. með samstarfi milli heimilanna og skólans þar sem sérþekking foreldra á börnum sínum og sérþekking starfsfólks á skipulagi skólastarfs fléttast saman.
- Að starf skólans taki mið af því menningarlega og náttúrulega umhverfi sem hann er hluti af og stuðli að því að þeir sem eru að flytja í hverfið nái saman og upplifi sig sem heildstætt samfélag.

Einstaklingsmiðun:

- „Einstaklingsmiðun er einfaldlega viðleitni kennarans til að bregðast við einstaklingsbundnum þörfum sérhvers nemanda eða nemendahóps fremur en að fara að eins og allt of oft er gert, að kenna heilum bekk eins og allir nemendur séu í grundvallaratriðum eins.“ (Carol Ann Tomlinson og Susan Demirsky Allan, 2000, *Leadership for differentiating schools & classrooms*)
- Einstaklingsmiðaðar áætlanir. Nemendur áforma/gera áætlun einu sinni í viku um námið í skólanum og einnig heimanámið.
- **Í skólanum á að fara fram meira nám en kennsla.**
- Áhugasviðið. Þar er unnið með sterkar hliðar hvers og eins (fjölgreindakenningin).
- Námsgsamningur: Nemandinn og kennarinn gera samning um viðfangsefni nemandans, hvernig hann hyggst vinna þau og á hvað löngum tíma. Einnig er oft samið um hvernig hann ætlar að skila verkinu og hvað kennarinn þarf að gera til að auðvelda honum verkið.
- Það að bjóða nemendum upp á val er m.a. gert til að **auka fjölbreytni** og sveigjanleika, **auðvelda sjálfsnám nemendanna** og skapa um leið **kennurum aukið svigrúm** til að sinna hverjum og einum
- **Jafningjafræðsla**; sá sem kann kennir þeim sem er að læra.

Stundaskráin:

- Skólinn tekur þátt í þróunarverkefni um breytta viðmiðunarstundaskrá. Fellur það vel að áherslum skólans á einstaklingsmiðaða starfshætti sem og aukið vægi á list- og

verkgreinar, áhugasvið og náttúru- og umhverfismennt. Menntaráð Reykjavíkur og Menntamálaráðuneytið hafa gert með sér samkomulag um þetta þróunarverkefni

- 1.-4. bekkur - verkgreinar o.þ.h. um 29%. 5.-6. bekkur - verkgreinar o.þ.h. um 31%. 45-50% vinnutímans er hreyfing og smiðjur (list- og verkgreinar o.þ.h.). Samfélagsfræði og náttúrufræði eru kenndar í þemum/smiðjum. Sérstök áhersla er á list- og verkgreinar.
- Smiðjur í list- og verkgreinum og samfélagsfræði og náttúrufræði. ÚTISKÓLASTOFA OG ÚTIKENNSLA – tenging við náttúrulegt og menningarlegt umhverfi skólans. UMHVERFISVERND OG VISTVERND, grænáninn, flokkun o.þ.h.

Flæði:

- Einstaklingsmiðun/samkennsla kallar á námskipulag sem byggir á sjálfstæðum vinnulotum nemenda. Við þær aðstæður eiga nemendur hægara með að nýta sér „flæði“ – verða hugfangnir af viðfangsefninu og skila hámarksafköstum. Í þetta ástand er erfitt að komast ef alltaf er verið að búa sundur vinnutímann og skipta honum upp í fyrirfram ákveðin viðfangsefni sem allir eiga að vera að vinna að á sama tíma.

Samstarf heimila og skólans

- Skólaboðunardagur
- Skólasetning – skólaslit – grill
- Morgunmóttaka – Heimferð
- Alltaf kaffi á könnunni
- Fræðslukvöld
- Morgunkaffi
- Þátttaka í markmiðssetningu
- Foreldraskóladagur
- Tölvupóstur – Mentor
- Jólaskemmtanir – Grímuball – Árs hátíð

“Samskipti milli heimilanna og skólans eru bara tær snilld að mínu mati, tölvupósturinn, morgunkaffið, fræðslukvöldin, skóladagurinn okkar og einstakur skólaboðunardagur sem aðrir skólar mættu taka upp“ (móðir í 2. bekk)

Viðhorfin

- Viðhorfaaðbúnaður nemenda: Þeir eiga að hafa sem mest um eigið nám að segja. Okkur ber skylda til þess að mæta þeim þar sem þeir eru staddir, á þeirra forsendum og þannig að þeir hafi ÁNÆGJU og GAGN af veru sinni í skólanum.



Hvað viljum við hafa í nýja skólanum?

Nemendur Norðlingaskóla Hjördís Ósk og Gísli Tómas kynntu óskaskólann sinn:

Væntingar nemenda Norðlingaskóla

Nemendur 5. og 6. bekkjar settust niður og þældu í hvernig nýr skóli ætti að vera. Hugmyndir allra voru skráðar. Von þeirra er að tillit verði tekið til hugmyndanna og að nýr skóli komi áður en þau útskrifast.

- **Almenn bekkjarstofa**
 - Skápa til að geyma verðmæti
 - Borð sem eru í skúffur, þar sem hægt er að geyma dótið sitt í(eins og púlt)
 - Sérstelpu og strákaklósett
- **Smíðastofa Málmsmíði**
 - Trésmíði
 - Silfursmíði
 - Gullsmíði
 - Setja saman bíl eins og Artic trucks eiga (fjarstýrðan)
 - Bátasmíði
 - Flugvélasmiði
- **Sundlaug (inní skólanum)**
- **Handmenntastofa (textíl)**
 - Saumavélar
 - Skúffur
 - Sófa (til að þrjúna í)
 - Vefstól
 - Hafa fjölbreytta efniviði til að vinna úr
 - Kenna fatahönnun
- **Bókasafn** (góðan kennara) lokuð stofa
- **Myndmennt**
- **Tónmennt** (hljóðeinangruð herbergi)
 - Hljóðfæri
 - Marshall stæðu
 - Hljóðeinangrun
 - Hljóðkerfi
 - 1 stk. kennara
 - Effecta fyrir gítarana (rafmagns)
 - Kennslugögn
 - Upptökutæki 24 rásir
 - Dj borð
 - Ibanez, gibson, esp og fender rafmagnsgítara
 - Karókí
- **Íþróttahús**
 - Battavöllur
 - Kaðlar
 - Mörk
 - Gryfju (stóra)
 - Körfur
 - Stökkpall í gryfjuna
 - Slá
 - Ostadýna
 - Táfýludýnur
 - Klifurvegg
 - Gervigrasvöll ofan á húsinu
 - Loftdýna
 - Tvíslá
 - Trampólín
 - Hringi
 - Blaknet
 - Hnit
 - Net með dýnum til að klifra
 - Rimla
 - Vera niðurgrafið
- **Skautasvell (street hockey)**
- **Dansstofa**

- Hip hop
- Freestyle
- Break
- Diskókúlu
- Speglavegg
- Græjur
- Ráða Silvíu nótt
- Ball aðstaða
- **Heimilisfræði**
 - Sílikon kökuform sem brenna ekki kökuna
 - Pottaleppa
 - Eldavél
 - Uppþvottavél
 - Spritt
 - Eddu sem kennara
 - Örbylgjuofn
- **Leiklistarstofa**
 - Svið
 - Leiktjöld
 - Búninga
 - Ljósaborð
 - Kastara
 - Reykvél
 - Flassljós
 - Laser
- **Tölvustofa ?**
- **Mötuneyti**
- **Vísindastofu** - eðlisfræði / efnafræði
- Stjörnukíki
- Eðlisfræði
- Efnafræði
- Tilrauna aðstaða
- Náttúrgripasafn
- Útgengileg stofa
- Gróðurhús
- **Útistofa**
 - Tré
 - Flekar
 - Aparóla
 - Skjaldbökuróla
 - Ratleikskort
 - Lasertag
 - Paintball
 - Snjóvél
 - Hockeymörk
 - Hockeybúnað
 - Klifur
 - Tréhús
 - Kaðla brú
 - Völundarhús
 - Gróðurhús
 - Ræktunaraðstöðu
 - Leiksvæði
 - Kaðla
 - Skeitpark
- **Myndver – myrkrakompa**

Starf ÍTR með grunnskólanemendum

Jóhannes Guðlaugsson forstöðumaður í Árseli kynnti starf ÍTR í Árbæ/Breiðholti. ÍTR rekur frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn í eða við alla grunnskóla í borginni, og sér auk þess um frístundatilboð fyrir börn á miðstigi, 10-12 ára síðari hluta dags tvo daga í viku eða svo. Þar til viðbótar eru í boði námskeið og frístundastarf fyrir 13-16 ára unglunga þrisvar í viku og er þá opið fram eftir kvöldi.

Unnið er með lífsleikniþætti í frístundastarfinu og tekið mið af því sem börn og unglunga hafa áhuga á að gera hverju sinni. Tvær ferðir eru farnar á ári með unglungum og diskó/böll eru haldin reglulega. Krakkarnir hafa miklar skoðanir á því hvað þau vilja gera og starfið er skipulagt í samræmi við hugmyndir þeirra. Sama gildir í frístundaheimili, þar er lýðræðislega unnið og lögð áhersla á félagsþroska barnanna.

Í Árbæjarskóla er frístundaheimilið fyrir nemendur í 1.-4. bekk í Árseli, sem er félagsmiðstöð með sérhúsnæði og sú eina í hverfinu. Í öðrum skólum í hverfinu eru frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í grunnskólum eða í eldra aðlöguðu húsnæði. Í Ingunnarskóla eru 120 börn 6-9 ára sem nýta sér tilboð um frístundaheimili eftir skóla. Þar er húsnæði samnýtt með grunnskólanum. Íþróttahúsið við Ingunnarskóla er nýtt fyrir starfsemi frístundaheimilisins 2-3 daga í viku. Í félagsmiðstöð í Ingunnarskóla mæta krakkarnir mjög vel, 90-95% þeirra koma á viðburði.

Í Norðlingaskóla tekur frístundaheimilið við nemendum 1.-4. bekkjar kl. 14:00 alla daga og býður þjónustu til kl. 17:00. Í nýju skólahúsnæði þarf að vera aðstaða fyrir bæði frístundaheimili og félagsmiðstöð. Aðstaða þarf að vera fyrir starfsfólk ÍTR sem starfar í skólanum, fundaraðstaða og geymsla fyrir gögn sem tilheyra starfinu.

Dæmi um dagskipulag í Frístundaheimili:

1. bekkur

Kl. 13:40-14:00	Nesti
Kl. 14:00-15:00	Útivera/frjálst/íþróttir
Kl. 15:00-16:15	Frjálst/klúbbastarf/skemmtistund
Kl. 16:15-17:00	Róleg stund

2.-4. bekkur

Kl. 14:20-14:50	Nesti
Kl. 14:50-16:00	Útivera/val/skemmtistund
Kl. 16:00-17:00	Val/útivera/skemmtistund

Samstarf við tónlistarskóla

Laufey Ólafsdóttir kynnti upplýsingar frá Stefáni Stefánssyni, skólastjóra Tónlistarskóla Árbæjar sem byggðar eru á reynslu af því að vera með tónlistarkennslu í húsnæði grunnskóla. Þar kemur m.a. fram að nauðsynlegt er að gera skriflegt samkomulag um helstu þætti samstarfsins áður en tónlistarskóli hefur starf í húsnæði grunnskóla. Kennslustofur sem notaðar eru fyrir tónlistarkennslu þurfa að vera rúmgóðar, með gluggum og vel loftræstar. Aðgengi þarf að vera að kennslustofum fyrir nemendur tónlistarskólans sem raskar ekki öðru starfi í skólanum. Gera þarf ráð fyrir vinnuáðstöðu fyrir tónlistarkennarana til undirbúnings og samskipta við nemendur og forráðamenn. Einnig þarf að gera ráð fyrir geymslu fyrir hljóðfæri, tæki og gögn sem fylgja tónlistarnáminu. Samstarf þarf að vera milli tónlistarskólans og grunnskólans um starfsáætlun þannig að frí og hefðir rekist ekki á. Gera þarf samkomulag um upplýsingamiðlun um t.d. veikindi og tilkynningar til og frá nemendum. Til að nýta kosti samstarfsins þurfa báðir aðilar að vera vakandi fyrir því að samnýta verkefni og nýta þau tækifæri sem gefast til að samþætta skapandi starf með þátttöku tónlistarskólans.

Námsskipulagið

Námsferlið og námsskipulagið var tekið saman í vinnuhópnum. Námsferlið felur í sér námskrár og námsmarkmið, nám og kennslu og mat á árangri. Námsskipulagið varðar skipulag meginþátta skólastarfsins til að námsferillinn verði árangursríkur.

Vinnuhópnum var skipt upp í fjóra minni hópa og vann hver þeirra með eitt eftirtalinna viðfangsefna með framtíðarskólann í huga:

- Tími barnanna – skipulag og námsferli,
- Nemendur og starfsmenn – hvernig á að skipa í hópa – starfsmenn ólíkra eininga o.s.frv.
- Námsumhverfið, þ.m.t. tæknin, hvaða starfsemi á lóðinni, húsinu o.s.frv.
- Ákvarðanatöku, hvernig á að taka ákvarðanir o.fl.

Hóparnir skiluðu eftirfarandi niðurstöðum:³

Hópur 1 – tími:

Heildstæður vinnutími nemenda frá 7:30 til 17:30 rúmar nám og tómstundastarf, dans, íþróttir
Virða tíma barnanna

Lágmarka akstur – *hafa sem mest á sömu þúfunni s.s. sundlaug, íþróttahús*

Lagskipt vinnuskipulag; skóli- frístund – skóli – íþróttir – frístund – skóli, allt fléttast inn á þessum tíma. Tómstundir og námstími.

Nemendur verða að fá eitthvað um það að segja hvernig skipulagið lítur út.

Valfrelsi *aukið*

Leikur *leiknum gert hærra undir höfði*

Hverfa frá „kassaskipulagi“

Frelsi í tímasetningum - út með viðmiðunarstundaskrá, *hverfa frá mínútutalningu viðmiðunarstundaskrár*

Smiðjur – helmingur tíma nemenda í list- og verkgreinar.

Flæði milli leik- og grunnskóla – fljótandi skil börnin fari á milli.

Áhugasvið nemenda

Dýr í skóla/ frístund.

Heildstætt skipulag á tíma

Hópur 2 – nemendur og starfsmenn:

2 skólastig, *vinnudagur heildstæður, hversu bundin erum við af ytri reglum?*

1 – 5 ára = 110 börn, 5 deilda leikskóli

6 – 16 ára *sameinaður leik- og grunnskóli með einum stjórnanda?*

4 árgangar saman = 72 nemendur. *Samkenntla 2ja árganga (72 nemendur), líka 5 og 6 ára, t.d hluta úr degi.*

1 - 3 ára

3 – 5 ára

Kennarar fylgi milli leikskóla og grunnskóla, nýta leikinn upp í grunnskólann

1. og 2. bekkur

3. – 4. bekkur

5. og 6. bekkur

7. og 8. bekkur – *tengist bæði yngri og eldri*

9. og 10. bekkur

Heimasvæði: - misstór rými

Aldur, þroski, áhugi, kyn, öryggi.

Sami aldur – þroski – færni

Ólíkur aldur – þroski *Breytur sem geta ráðið hópamyndun nemenda: aldur, þroski, áhugi, kyn, öryggi (ekki fastir heldur tímabundnir hópar).*

Eldri börn með hlutverk gagnvart yngri, *Gefa eldri hlutverk gagnvart yngri.*

Brjóta aldurskiptingu sem mest t.d. í smiðjum. Nýta aldursblöndun til að örva félagsþroskann.

Kennarahópar mynda teymi eftir stigum:

A 1., 2., 3., 4. – yngsta stig = 144 nemendur

B 5., 6., 7.- miðstig = 108 nemendur

³ Skáletrað er það sem var sagt í kynningu til viðbótar því sem var skráð á flettblöðin.

C 8., 9., 10. – unglíngastígg = 108 *nemendur*.

Leíksskóli í sérhúsi en tengist húsi grunnskólans með sal

Samnýting á starfsmönnum milli skólastíga, Frístund – grunnskóli, milli grunnskóla, tónlist-myndmennt. Leíksskóli – grunnskóli.

Skólinn þjóni allt árið.

Hugsa í samfellu skóli/frístundaheimili.

Vinnutími grunnskólakennara árlegur/daglegur annar en leíksskólakennara.

Hópur 3 – námsumhverfið:

Starfsemi á skólalóðinni/húsinu:

Grunnskóli, leíksskóli – undir sama þaki.

Bókasafn (almenningsbókasafn?)

Tónlistarskóli

Tómstundastarf

Fullorðinsfræðsla?

Íþróttir/sundlaug

Menningarmiðstöð

Hljóðvist,

Góð loftræsting

Birta/lýsing, *umhverfisþættir mikilvægi, r loftræsing, hljóðvist, birta*

Munageymslur nemenda

Sveigjanleg fjölnota rými, *húsnæðið henti skólanum en líka öðrum þáttum, tengsl við grenndarsamfélagið, fleiri en skólafólkið geti notað rýmin*

Vinnuherbergi starfsfólks – læsanlegar geymslur – tengd svæðinu, þvert á aldursstig, samnýtanleg, *forðast árekstra með vinnuaðstöðu og læstum hirslum*

Rúmar *hentugar sérgreinastofur/ smíðjur, eðlilegt flæði milli greina, viðfangsefna*

Hópvinnustofur af mismunandi stærðum, *misstór kennslurými*

Eðlilegt flæði (kennslurými)

„Tæknikennsla“/tölvur, *upplýsingaveita- myndver - þekkingarver*

Lokað/lokanlegt bókasafn, *kemur frá nemendum. Á að vera almenningsbókasafn, þarf að athuga það*

Íþóttaaðstaða – sundlaug

Yfirbyggt hangssvæði – unglíngar útfæri

Útsýni

Fallega skólalóð/gróður, hönnuð og framkvæmd samtímis byggingunni. *Samstarf við skólagarða. Ólík svæði á skólalóð eftir aldri nemenda.*

Tengsl við náttúru – útikennsla

Matjurtagarðar

Umhverfisvænn skóli (pláss fyrir flokkun o. fl)

Vistvæn þrif

Gott aðgengi – greinilegir inngangar

Sterk „arkitektónísk“ einkenni

Hjarta *sameiginlegt* fyrir mismunandi skólastígg

Hópur 4 – ákvarðanatáka:

1. hverjir

Nemendur

Grenndarsamfélagið
Foreldrar
Skólafólk, starfsfólk
Samráð – skólaráð – skólastjórn
Skólastjóri /Menntasvið - ákvörðun

*Hvers konar ákvarðanir, fyrir hverja, teknar af hverjum? Samráð allra hagsmunaaðila, en hver tekur ákvörðun á endanum? Hvað segja lög og reglugerðir? Lýðræðisleg ákvarðanatöku, fagleg atriði ákveðin af fagaðilum, en hver tekur af skarið? Þarf sá að hafa faglega þekkingu á skólastarfi, deildarstjórnar hafa fagþekkingu en „framkvæmdastjóri“ er stjórnandi sem byggir sínar ákvarðanir á þekkingu hinna. Rekstrarstjóri + skólamaður/faglegur stjórnandi. **Rödd barnanna** þarf að heyrast í ákvarðanatöku alltaf.*

Settar voru fram tvær megintillögur, annars vegar um teymi stjórnenda hinna ólíku stofnana sem er falið það verkefni að stjórna saman, hins vegar einn yfirmaður og deildskipt starfsemi með deildarstjóra. Þriðja tillagan var nefnd sem gengur enn lengra og gerir ráð fyrir því að ein stofnun sjái um menntun barnsins, en ekki sé skipting í leik- grunn- tónlistar-, og frístundanámi.

Tillaga 1 gerir ráð fyrir að skólastjórnar leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og stjórnandi frístundaheimilis myndi teymi. Hver stýrir sinni stofnun en teymið tekur sameiginlega ákvarðanir sem varða heildina og samstarfið.

Tillaga 2 gerir ráð fyrir einum stjórnanda sem stýrir skólanum, þ.m.t. leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og frístundaheimili og síðan deildarstjóra yfir hverri einingu.

Tillaga 3 felur í sér að ein stofnun sér um alla menntun barnsins. Ekki er skipt eftir aldri eða áherslum.

Þorgeir Magnússon, sálfræðingur / deildarstjóri í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts lagði fram eftirfarandi tillögu um samþættingu skólamála í Norðlingaholti við frístundastarf og aðra skipulagða uppeldisstarfsemi fyrir börn:

“Lagt er til að í Norðlingaholti verði leikskólastarf, grunnskólanám, tónlistarnám, frístundaíðkun og vinnuskóli á vegum borgarinnar sameinað undir einni stjórn í tilraunaskyni með það í huga að auðvelda skipulag, samþættingu og stjórn þessarar þjónustustarfsemi. Markmiðið er að skólanám, frístundastarf og önnur skipulögð uppeldisstarfsemi á vegum borgarinnar myndi, með samvinnu við foreldra, íþróttafélög og önnur frístundasamtök fyrir börn og unglunga, örugga og órofa heild yfir daginn, árið um kring. Með breyttu skipulagi og samþættingu ætti að nást fram hagræðing varðandi mannhald og húsnæði sem gerir unnt að auka þjónustuna og bæta hana.

Rökstyðja má að of margir aðilar komi nú að skipulögðu skóla-, frístunda- og uppeldisstarfi barna og unglunga. Miklum kröftum er eytt í samstarf aðilanna án þess að það skili þeim árangri að nægilega heppileg samfella verði í venjulegri dagskrá hjá börnum og unglungum. Orsökinn virðist m.a. sú að heildarsýn skorti, stjórnunin sé á höndum of margra.

Í Norðlingaholti háttar svo til að uppbygging hverfisins er nýhafin. Það auðveldar að hægt sé að horfa heildrænt á þetta mál frá upphafi. Hverfið verður af heppilegri stærð, myndar afmarkaða skipulagsheild u.þ.b. 950 íbúða. Í Norðlingaskóla er þegar rekið ákveðið tilraunastarf sem hefur gefið færi á breytingum á skipulagi kennarastarfsins og öðrum nýjungum í skólastarfinu. Fyrir höndum er hönnun bygginga fyrir leik- og grunnskóla í hvefinu þar sem hægt verður að gera ráð fyrir ofangreindri samþættingu. Til samans skapar

Þessi staða mála góða möguleika á að skipuleggja skóla-, frístunda- og uppeldisstarf á vegum hins opinbera með nýjum og virkara hætti en áður.”

Námssamstarfið og námsliðið

Námssamstarfið tekur til samstarfsaðila í grenndarsamfélaginu svo námsskipulagið og námsferlið virki sem best og námsvæntingum verði mætt. Námsliðið eru allir þeir sem hafa áhrif eða taka þátt í námsreynslu nemenda. Unnið var með hugflæði og allir beðnir að skrá á gula miða alla þá sem taka þátt í námsreynslu nemenda og hvert er hlutverk þeirra.

Niðurstöður hugflæðis í vinnuhópnum:

Námsliðið:

Nemandinn sjálfur

Nemendaráð

Hlutverk:

ákvarðanataka, áhrif, val

Foreldrar, fjölskyldan

umhyggja, ást, stuðningur, hvatning og uppeldi, grunnuppeldi, gömul gildi og hefðir, þroski og sjálfsöryggi,

Afi og amma

systkini yngri og eldri, frændur og frænkur,

Fjölskylduhringur, fjölskylduvinir

fyrirmyndir, menntun þeirra og reynsla

Kennarinn

skapar aðstæður til náms og uppeldis, miðlar þekkingu til nemenda, uppfyllir starfsskyldur, sýnir alúð og væntumþykju, „á að vera góður“, er góður mannþekkjari, getur lesið óskir og þarfir nemenda vel, handleiðarinn, leiðsögumaðurinn, verkstjórinn, skipulagning, utanumhald, hvatning, námsgögn, velja og hafna lífsgildi, nám

Leikskólakennarinn

uppeldi og menntun

Kennaranemar

Bókasafnsvörður

Skólastjórnendur

Skólaliðar og starfsfólk

Námsumhverfið

allar greinar - fyrir alla - tengisvæði gangar – sameiginleg aðstaða

Stjórnunarsvæði, vinnusvæði kennara, starfsfólks

Aðrir nemendur

fyrirmyndir og stuðningur, samvinnunám

Vinahópar og vinir utan skóla,

Annað starfsfólk, þroskaþjálfinn, húsvörður,

stuðningsfulltrúar, „stoðkerfi“, skólaliðar, matráðar,
baðverðir, sundlaugavörður, starfsmenn bókabíls
Fagmenntað starfsfólk
Ritarinn

Gangavörður
Húsvörður „afinn“ í hverfinu
Mötuneyti
Skólahjúkrunarfræðingur
Skólasálfræðingur

umgengni, agi, eftirlit, tillitssemi
ákvarðanataka, áhrif, val

heilsusamleg gildi,

Sérfræðingar í hópi foreldra
Sérfræðingar í fjölskyldunni

Foreldraráð
Foreldrafélag
starfsemi foreldrafélags bekkjarins

öflugt starf þess styrkir tengsl innbyrðis
milli foreldra og þar af leiðandi barnanna
líka

Frístundaheimili, frístundakennarar, frístundastarf,
ÍTR, tónlist, myndlist leiklist, handmennt
Íþróttafélagið, hestamannafélagið,
Íþróttafólk/afreksfólk
Sóknarpresturinn
Kirkjustarfið
Bókmenntir
Sögupersónur
Jesús
Götudrengir

trúarleg gildi, boðorð

Grenndarsamfélagið
Félagasamtök, íbúasamtök, trúfélög, íþróttafélög,
skátar
Heilsugæslan
Þjónustumiðstöð
Löggæslan
Menning menningarstraumar – minnihlutahópar
Listamenn, skólalistamaður, tónlistarmenn
Fjölmíðlar, kvikmyndir

samskipti og hegðun

hetjufyrirmyndir

Náttúruskólinn
Skógræktarfélag Reykjavíkur
Umhverfið, frístundir, aldraðir og ungir utan skóla,
Útiskólastofa
Aðrir starfsmenn borgarinnar

viðhald hreinsun eftirlit

Verslunarfólk í grenndinni
Tengsl við atvinnulífið, iðnaðarmenn

Námsumhverfið

Námsumhverfið inniber búnað, tækni og húsnæði auk námsstöðu utan skólabyggingar. Námsumhverfið þarf að taka mið af námsvörðunni, námsvæntingunum, námsferlinu og námsskipulaginu.

Í upphafi vinnunnar voru rifjaðar upp áherslur hópsins um:

- Námssamhengið
- Námsvörðuna
- Námskipulagið
- Námssamstarfið


Minnt var á að við þurfum að móta umhverfi sem styður við þessar áherslur og að hluti námsumhverfisins verður líka utan skólans!

Námsumhverfið þarf að rúma margs konar námsaðferðir

- sjálfstýrt nám
- samvinnunám
- einstaklingsnám
- fjarnám
- fyrirlestra og kynningar
- o.s.frv.

Myndaðir voru fjórir hópar til að vinna tvö verkefni í þessu skrefi. Hópnum var ætlað að gera fyrst lista yfir æskileg séreinkenni byggingar í Norðlingaholti og síðan búa til skissu af námsumhverfi sem kemur til móts við einkennin á listanum, og vísa auk þess í áherslur í námsvörðunni.

Niðurstöður hópanna og skissur:



Hópur 1

Sveigjanleiki í rýmum

Torg – opnanleg og lokanleg – næði

Hreyfing /breytileiki rýmislega

Birta

Góð hljóðvist

Holt, grjót, mosi, vatn

„Bugða“ teikni sig í húsinu

Táknmynd verði sýnileg

Úti- og innirými flæði vel saman

Gegnsæi milli rýma – gler

Hlýleg aðkoma – miðlæg

Glerskáli

Stjórnun sýnileg


Foss – hólmi

Glerskáli „Hólmur“, torgið „foss“

þekkingarver – hjartað, kaffihús

Að hluta til 2ja hæða. Útsýni frá „brú“


Hópur 2



Lóðin – hringlaga lóð og reitur
Tillit til bugðu og náttúrunnar
Lífræn hugsjón (starfsemi)
Lífrænt form
Torfbak – gervi?
Lífrænt útlit – torf, hraun o.fl.
Hæsti punktur holtsins
Gegnsæi
Bjóði mann velkominn

Hreyfing ofan á hjarta (á þaki)
Sundlaug og íþróttahús undir hjarta
ÍTR inn í skólann
Hangssvæði úti – yfirbyggt
Sameiginleg rými leikskóla og yngri deilda
grunnskóla

Hópur 3



Þorpslegt
Glaðlegt – húmorískt
Bjart
Hljóðvist
Notalegt
Vistvænt

Vingjarnlegt – heimilislegt
Fjölnota
Stækkanleg rými
Minnkanleg rými – breytileg
Í takt við tækni tímans
útistofa

Þorpið/ götustemmning

- hjartað er í miðjunni – turn með gróðurhúsi á efri hæð og bókasafni á neðri hæð
- samfélagshjartað tekur á móti þér – andlit skólans
- hver skólaeining hefur sinn karakter – leikið með fjölbreytileika og mismunandi form og liti – hver eining tengist miðjunni – hver eining hefur garð sem fléttast inn í heildina
- sterkur efri rammi – göngu-/ útivistar-/ fræðslu-/ leikumhverfi og tengist út í hverfið og náttúrulega umhverfið

Hópur 4

Byrjar sem ein hæð og hækkar í tvær

Opnun út - umhverfistengsl

Opinn faðm

Stórt hjarta

Tengsl við náttúru

Miðja


Frá hinu sérstæða út í hið almenna

Umföðmun um einstaklinginn

Bláminn og bugðan

Flæði/rennsli

Rennandi vatn



Námsfagnaðir

Nauðsynlegt er að njóta afrakstursins af vel unnu verki og heiðra framfarir og sigra sem uppfylla námsvæntingar. Hátíðahöld og viðburðir skipa stóran sess í skólastarfi og geta tengt hátíðar- og tyllidögum en einnig sérstöðu skólans. Þeir eiga stóran þátt í að móta andann í hverjum skóla.

Námsfagnaðir verða ræddir betur þegar hópurinn kemur saman til að fagna því að skýrsla um undirbúning hönnunar Norðligaskóla er komin út. Þá verður safnað hugmyndum hópsins um:

- Hvað viljum við halda upp á í skólanum – hvernig gerum við okkur dagamun?
- Hvað getum við gert til að heiðra framfarir í náminu?

Námsfjármögnun


Með námsfjármögnun er átt við útgjöld og tekjur við byggingu og rekstur skólans sem ekki mega fara fram úr kostnaði við venjulegan skóla. Einnig getur verið um að ræða tekjur sem skólinn getur aflað sér, t.d. með útleigu, samnýtingu á aðstöðu með aðilum í grenndar-samfélaginu.

Lokaorð

Öllum þátttakendum sem tóku þátt í undirbúningsvinnu fyrir leik- og grunnskóla í Norðlingaholti eru færðar þakkir fyrir framlag sitt og virka þátttöku í hópvinnu og umræðum.

Skýrsla þessi lýsir niðurstöðum og afrakstri hópvinnunnar sem fram fór á vinnufundunum þremur. Hugmyndir sem hér koma fram verða hafðar til hliðsjónar við frumhönnun skólabygginga og við skipulag og áherslur í skólastarfi.

Meginþættir sem fram koma í hugmyndavinnunni eru vilji til að brjóta blað og fara ótroðnar slóðir, bæði í skipulagi skólastarfsins og byggingunni. Mikil áhersla er lögð á gagnkvæm tengsl skóla og umhverfis, þannig að samfélagið nýti skólann og skólinn samfélagið í starfi sínu. Umhverfið hefur áhrif á hugmyndir um bygginguna, áin Bugða, flæði og rennsli eru rauður þráður í hugmyndavinnunni og áhersla er á að nemendur nýti náttúruna og umhverfið í námi sínu, m.a. með útistofu. Hópnum var ætlað að móta hugmyndir um leik- og grunnskóla og í vinnunni kemur fram áhersla á mikla samvinnu milli skólastiga og samnýtingu ýmissa rýma skólahússins þó leikskólinn sé í útfærslu hópanna oftast í sérbyggðri einingu.



Heimildir:

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti (1999). Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla (1999). Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Carol Ann Tomlinson, Susan Demirsky (2000). *Leadership for differentiating schools & classrooms*. Alexandria VA. Association for Supervision & Curriculum Development.

Gerður G. Óskarsdóttir (2001). *Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða (Design Down Process)*. Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995

Lög um leikskóla nr. 78/1994

KKE Architects (2001). *The Design Down Process. Summary and Program report for nýr grunnskóli í Grafarholti, Reykjavík, Iceland*. Minneapolis, Min.: Architects.

Fræðslumiðstöð, Leikskólar og Fasteignastofa Reykjavíkur (2002). *Leik- og grunnskóli í Staðahverfi. Hugmyndir og tillögur um áherslur í skólastarfi og hönnun byggingar*. Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.